



FJARÐABYGGÐ



**Frumvarp að fjárhagsáætlun 2011**  
Seinni umræða í bæjarstjórn

21. desember 2010

# 1. Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2011

Frumvarp að fjárhagsáætlun ársins 2011 er hér lagt fram til seinni umræðu í bæjarstjórn Fjarðabyggðar. Frumvarpið samanstendur af tölulegum hluta sem inniheldur upplýsingar um A hluta bæjarsjóðs og samantekin A og B hluta og greinargerð. Í A hluta er Aðalsjóður auk eignasjóða og tækja- og þjónustumiðstöðvar. Í B hluta eru veitustofnanir, hafnarsjóður, félagslegar íbúðir og sorpstöð í eigu Fjarðabyggðar.

Rekstrarafgangur bæjarsjóðs (A-hluta) og stofnana (samstæða A og B hluta) fyrir fjármagnsliði er áætlaður 746 m.kr. króna. Þar af er rekstrarafgangur A hluta 379 m.kr. Að teknu tilliti til fjármagnsliða verður rekstrarafgangur samstæðunnar 210 m.kr. og rekstrarafgangur A hluta 14 m.kr.

Eigið fé samstæðunnar er áætlað 322 m.kr. í árslok 2011 og eiginfjárlutfall 3%. Í A hluta er eigið fé neikvætt um 9 m.kr. í árslok 2011.

Handbært fé frá rekstri í samstæðu er áætlað 728 m.kr. og afborganir langtímalána á árinu 2010 verða 602 m.kr. Þar af er handbært fé frá rekstri í A hluta 307 m.kr. og afborganir langtímalána 389 m.kr.

Skuldir og skuldbindingar samstæðu, sem hlutfall af heildartekjum, er áætlað 246,3% í árslok 2011 en að teknu tilliti til handbærs fjár er hlutfallið 236,6%. Sveitarfélagið hefur verið í góðum samskiptum við eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga vegna skuldastöðu sveitarfélagsins.

Á vettvangi samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál hefur verið unnið að tillögum að fjármálareglum fyrir sveitarfélögin og í fjárhagsáætlun ársins 2011 hafa þau viðmið verið höfð að leiðarljósi.

Samkvæmt fjárhagsáætluninni er framlegðarhlutfall (EBIDTA) 26,3% í samstæðu og 19,2% í A-hluta. Ástæða þessa er að útsvarstekjur á íbúa í Fjarðabyggð eru með því hæsta sem gerist á landinu, atvinnustig hátt, staða fyrirtækja sterk og fjárfestingar í atvinnulífina enn miklar. Þetta gerir það að verkum að sveitarfélagið getur tekist á við rekstur og skuldir af krafti á komandi árum.

Á árinu 2010 var markvisst unnið að hagræðingu og lækkun rekstrargjalda og því verður haldið áfram á árinu 2011 þó með það að markmiði að standa vörð um grunnþjónustu við íbúa, lágmarka þjónustuskerðingu og standa ekki í vegi fyrir frekari uppbyggingu og styrkingu atvinnulífs í sveitarfélaginu.

Á árinu 2011 er fjárfesting sveitarfélagsins áætluð 287 m.kr. Stærstu verkefni sem blasa við á næsta ári eru bygging nýrrar Hulduhlíðar; hjúrunarheimilis á Eskifirði, snjóflóðavarnarmannvirkja á Norðfirði og ýmsar framkvæmdir hjá hafnarsjóði auk smærri verkefna víðs vegar um sveitarfélagið.

## 2. Forsendur

Greinargerðin fjallar um helstu forsendur sem lagðar eru til grundvallar við gerð fjárhagsáætlunar og um starfsáætlanir einstakra málaflokka eftir nefndum.

### *Skatttekjur:*

Skatttekjur samanstanda af útsvari, framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, fasteignasköttum og lóðarleigu. Fjárhagsáætlun 2011 gerir ráð fyrir að heildarskatttekjur nemi 2.648 m.kr. samanborið við 2.696 m.kr. í útkomuspá fyrir árið 2010.

### *Útsvar:*

Útsvarshlutfall breytist ekki á milli ára og verður 13,28% en með fyrirvara um að nauðsynlegar lagabreytingar nái fram að ganga á Alþingi um tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga. Nái þær fram að ganga hækkar útsvarshlutfall um 1,20 prósentustig og verður álagningarhlutfall þá 14,48% á árinu 2011 en hlutur ríkisins í skatthlutfalli lækkar samsvarandi á móti.

Ljóst er að við núverandi aðstæður í rekstri sveitarfélagsins er óvarlegt annað en að fullnýta útsvarsheimildir þess. Þrátt fyrir að heimildin verði fullnýtt er ljóst að vinna þarf áfram í hagræðingar og sparnaðaraðgerðum í rekstri á næsta ári.

Gert er ráð fyrir að útsvarstekjur lækki lítillega frá 2010 og verði 1.773 m.kr. á árinu 2011 samanborið við 1.776 m.kr. í útkomuspá 2010. Ljóst er að aflaheimildir í kolmuna og norsk-íslenska síldarstofninum munu dragast umtalsvert saman á milli árunna 2010 og 2011. Á móti kemur að jákvæðar vísbendingar eru uppi um góða loðnuvertíð og bygging á kersmiðju við álverksmiðju Alcoa mun leiða til aukinna umsvifa í sveitarfélaginu. Þá er gert ráð fyrir 2% hækkun launa að jafnaði. Engu að síður er gert ráð fyrir lítilsháttar samdrætti þar sem tekjur af sjávarútvegi vega þungt í útsvarsstofni sveitarfélagsins. Hluti af þeim fjármunum sem færast frá ríki til sveitarfélaga við flutning á málefnum fatlaðra koma í gegnum auknar útsvarstekjur en restin í gegnum framlög frá jöfnunarsjóði.

#### *Fasteignaskattar og lóðarleiga:*

Tekjur af fasteignasköttum og lóðarleigu aukast um 4,2% frá fyrra ári. Samtals nema áætlaðar tekjur vegna þessara skatta um 535 m.kr. á árinu 2011. Matstofn fasteigna lækkar lítillega á milli ára en hækkunin skýrist af hækkun fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði og minniháttar hækkunum á fasteignasköttum á íbúðarhúsnæði og á lóðaleigu. Ekki er breytingu í eignafjölda á milli ára. Hækkun í fasteignasköttum á íbúðarhúsnæði miðast við að krónutala haldist svipuð á milli ára.

Við gerð áætlunar er gert ráð fyrir eftirfarandi álagsprósentum:

Fasteignaskattur A:	0,37 % af húsmati og lóðarmati (úr 0,35%).
Fasteignaskattur B:	1,32 % af húsmati og lóðarmati (óbreytt).
Fasteignaskattur C:	1,32% af húsmati og lóðarmati (úr 1,00%).
Lóðarleiga íbúðarhúsnæði:	0,85% af lóðarhlutamati (úr 0,75%).
Lóðarleiga atvinnuhúsnæði:	1,00% af lóðarhlutamati (úr 0,75%).

Fasteignaskattur Alcoa Fjarðaáls samkvæmt samningi er áætlaður 268 m.kr. á árinu 2011. Hækkun milli ára nemur 3 m.kr. en skatturinn tekur breytingum í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu.

#### *Jöfnunarsjóður sveitarfélaga:*

Framlög jöfnunarsjóðs í áætlun 2011 eru áætluð 340 m.kr. samanborið við 393 m.kr. í útkomuspá fyrir árið 2010. Lækkun á milli ára má rekja til nokkurra þátta:

- Sameiningarframlag er að fullu greitt á árinu 2010.
- Greiðslur vegna endurgreiðslu á hækkðu tryggingargjaldi falla niður.
- Útgjaldajöfnunarframlag lækkar á milli ára.
- Almenn framlag til reksturs grunnskóla lækkar á milli ára.
- Framlög vegna breytinga á álagningarstofni mannvirkja lækkar á milli ára.
- Til hækkunar kemur framlag vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.

Tekjur jöfnunarsjóðsins byggjast á eftirfarandi fjórum tekjustofnum sem deilt er út til sveitarfélaga:

- Framlag úr ríkissjóði sem nemur 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs.
- Árlegt framlag úr ríkissjóði sem nemur 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs.
- Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga sem nema 0,77% af álagningarstofni útsvars hvert ár (tilkomið vegna yfirfærslu grunnskólans).
- Vaxtatekjur.

Meðaltekjur í Fjarðabyggð eru háar og ræður það mestu um að sveitarfélagið fær ekki aukaframlög. Miðað við útsvarsspá verða meðalútsvarstekjur áfram háar í Fjarðabyggð í samamburði við önnur sveitarfélög. Er því ekki gert ráð fyrir aukaframlagi til sveitarfélagsins á árinu 2011.

#### *Önnur fasteignatengd gjöld:*

Vatnsskattur verður 0,28% af fasteignamati. Hækkun á álagningarhlutfalli úr 0,27% skilar sveitarfélaginu svipaðri krónutölu og á árinu 2010 en heildarmatstofn lækkar á milli ára. Hækkun vatnsgjalds vegna álvers nemur 0,5 m.kr. milli ára og skýrist af hækkun á vísitölu neysliverðs.

Hækkun álagningarhlutfalls í holræsagjöldum úr 0,25% í 0,26% skilar sveitarfélaginu svipaðri krónutölu á milli ára en heildarmatstofn lækkar á milli ára.

Sorþhirðugjald hækkar úr 11.817 kr. í 23.778 kr. á milli ára og sorþeyðingargjald lækkar úr 10.172 kr. í 10.168 kr. Samtals nema þessi gjöld því 33.946 kr. á heimili sem er um 54% hækkun á milli ára. Skýringa á þessari hækkun má rekja til umtalverðar kostnaðarhækkunar eftir útbod sveitarfélagsins þegar eldri samningur rann út sem og viðvarandi hallareksturs sorþmiðstöðvar. Þess má geta að þeir aðilar sem voru fyrir „Grænu tunnuna“ voru að greiða 12.000 kr. fyrir það sorþflát og finna því ekki fyrir þessari hækkun. Aðrar gjaldskrár sorþmiðstöðvar hækka misjafnt en almennt er meiri hækkun á óflokkaðan úrgang en flokkaðan.

#### *Leikskólar, skólasel, grunnskólar og tónlistaskólar:*

Gjaldskrár skólasela, leik- og grunnskóla verða ekki hækkaðar í ársbyrjun 2011. Gjaldskrá tónlistarskóla hækkar um 20% fyrir þá sem eru yngri en 20 ára. Gjaldskrá fyrir þá sem eru eldri en 20 ára verður tvöfalt hærri en til þeirra sem eru yngri en 20 ára.

#### *Gjaldskrá félagslegrar heimaþjónustu:*

Gjald fyrir aðstoð við almenn heimilisstörf verður 1.000 kr. og aldrei er innheimt fyrir meira en tveggja tíma aðstoð á viku. Gjaldskráin var áður tvískipt og réðist af tekjum viðkomandi þjónustuþega. Heimsendur matur hækkar í 594 kr. en gjaldið tekur breytingum í takt við vísitölu neysluverðs.

#### *Aðrar gjaldskrár:*

Gjaldskrár íþróttamannvirkja hækka 1. janúar 2011, en hún hefur verið óbreytt frá 1. janúar 2008. Þrátt fyrir þessar hækkunir er gjaldskrá íþróttamannvirkja í takti við það sem gengur og gerist annars staðar á landinu. Hækkun á börn og árskortshafa í sundlaugar er frá 0-12%, en hækkun er meiri á fullorðna eða 2-39%. Einnig hækkar útleiga á sölum íþróttahúsa um 2-25% en útleiga á tímum í Fjarðabyggðarhöllinni lækkar. Í líkamsræktarstöðvum er gjaldskrá breytt þannig að stakur miði hækkar umtalsvert eða um 80% og verður þá meira í takt við verðlagningu annarra líkamsræktarstöðva í landinu. Mánaðarkort hækka um 23% á meðan verð árskorta helst óbreytt og þriggja og sex mánaðar korta hækka um 11% og 4%. Markmið með breytingunum er að hvetja fólk til að stunda reglulega líkamshreyfingu o.þ.a.l. hvetur gjaldskrá til kaupa á árskortum frekar en stökum miðum.

Hundahreinsunargjald hækkar og verður 14.500 kr. samanborið við 12.563 kr. og kattaleyfisgjald hækkar úr 6.628 kr. í 9.500 kr.

#### *Hafnarsjóður:*

Gjaldskrá hafnarsjóðs hækkar í ársbyrjun 2011 í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs frá nóvember 2009 til nóvember 2010 eða um 2,6%.

#### *Veitufyrirtækin:*

Gjaldskrár hitaveitu og rafveitu tóku breytingum bæði í árslok 2008 og aftur á miðju ári 2009.

Gjaldskrá Hitaveitu Fjarðabyggðar hækkar 1.janúar 2011 um 4,2%.

Ákvörðun um gjaldskrá rafveitu liggur ekki fyrir. Búið er að sækja um 3% hækkun dreifigjaldskrár til Orkustofnunar sem taki gildi 1. febrúar 2011. Gjaldskrá sölu verður endurskoðuð samhliða hækkunum annarra rafveitna þar sem um samkeppnisrekstur er að ræða.

#### *Laun og launatengd gjöld:*

Launaáætlun ársins 2011 byggist á áætlunum stjórnenda einstakra sviða og stofnana um fjölda starfsmanna, starfshlutföll og fjölda yfirvinnutíma. Við útreikning launa er miðað við gildandi kjara- og ráðningarsamninga og tekið er tillit til fyrirséðra samningsbundinna hækkana. Laun og launatengd gjöld nema samtals 1.847 m.kr. hjá samanteknum A og B hluta samanborið við 1.787 m.kr. 2010. Hækkun á launakostnaði vegna flutnings á málefnum fatlaðra nemur 51 m.kr. Vakinn er athygli á að í tengslum við vinnu við hagræðingaraðgerðir er gert ráð fyrir einstaka aðgerðir muni leiða til lækkunar á launaliðum. Áhrifin af hagræðingaraðgerðum á árinu 2011

til lækkunar á kostnaði eru færðar undir öðrum rekstrarkostnaði og er því skörun á milli þessara liða í fjárhagsáætlun. Óvissa ríkir um kjarahækkunar á árinu 2011 þar sem samningar eru lausir.

#### *Almennir rekstrarliðir:*

Innri húsaleiga hækkar á milli ára í takt við þróun vísitölu neysluverðs. Lán eignasjóða eru að stærstum hluta verðtryggð en 12 mánaða verðbólga miðað við október 2010 er 3,33%. Gengisvísitala lækkar sem nemur um 11,2% á fyrstu 11 mánuðum ársins 2010.

Annar rekstrarkostnaður fyrir utan afskriftir nemur í áætlun samtals 1.323 m.kr. og lækkar um 95 m.kr. á milli ára. Hækkun í öðrum rekstrarkostnaði vegna flutnings á málefnum fatlaðra er 12 m.kr.

Almennir rekstrarliðir voru áætlaðir út frá metinni þörf en gætt var ýtrasta aðhalds við áætlun þessara liða. Stefnt er að hagræðingu í innkaupum með strangari innkaupareglum og útboðum. Þá verður leitað leiða til að hagræða í þjónustusamningum eins og kostur er.

#### *Hagræðing:*

Á árinu 2011 er gert ráð fyrir því að hagræða í rekstri um 163 m.kr. Leiðarljósið er að standa vörð um grunnþjónustu og taka ákvarðanir sem hafa í för með sér sem minnsta þjónustuskerðingu og standa ekki í vegi fyrir frekari uppbyggingu og styrkingu atvinnulífs í sveitarfélaginu.

#### *Fjármagnsliðir:*

Vaxtaútreikningar í áætlun ársins 2010 miðast við núverandi vaxtakjör. Verðbólga er áætluð 2,5% á árinu 2011 í samræmi við spár Seðlabanka. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á gengi íslensku krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum á árinu 2011. Langtímalán innan samstæðu þ.e. á milli A og B hluta eru verðtryggð vaxtaberandi lán. Þá eru viðskiptareikningar í samstæðu vaxtareiknaðir.

#### ***Samantekin álagningarhlutföll og breyting á þjónustugjöldum í fjárhagsáætlun 2011:***

Fasteignaskattur A:	0,37 % af húsmati og lóðarmati.
Fasteignaskattur B:	1,32 % af húsmati og lóðarmati.
Fasteignaskattur C:	1,32% af húsmati og lóðarmati.
Lóðarleiga íbúðarhúsnæði:	0,85% af lóðarhlutamati.
Lóðarleiga atvinnuhúsnæði:	1,00% af lóðarhlutamati.
Vatnsgjald:	0,28% af húsmati.
Holræsagjald:	0,26% af húsmati.
Sorphreinsunargjald:	Hækkar í 23.778 kr. á heimili.
Sorpeyðingargjald:	Lækkar í 10.168 kr. á heimili.
Skólagjaldskrár utan tónlistarskóla:	Óbreyttar gjaldskrár.
Tónlistaskólar:	20% hækkun hjá yngri en 20 ára og tvöfalt gjald á eldri.
Hunda- og kattagjald:	Hundagjald hækkar í 14.500 kr. og kattagjald 9.500 kr.
Heimaþjónusta:	Heimilisaðstoð verður 1.000 kr. Eingöngu innheimt 2 tímar á viku.
Hafnarsjóður:	2,6% hækkun 1. janúar 2011.
Hitaveita:	4,2% hækkun 1. janúar 2011.

## 2. Framkvæmdaáætlun

Áætlaðar fjárfestingar á árinu 2011:

### Eignasjóður og Hraun

Leikskólinn Lyngholt	500.000 kr.
Sundlaug Norðfjarðar	7.000.000 kr.
Íþróttavöllur Eskifirði	6.000.000 kr.
Gervigrasvöllur Norðfirði	1.500.000 kr.
Egilsbúð	8.000.000 kr.
Hulduhlíð	25.000.000 kr.
Gatnakerfi	14.500.000 kr.
Snjóflóðamannvirki	25.000.000 kr.
Fjarðabyggðarhöllin	2.500.000 kr.
Tækjamiðstöð	5.000.000 kr.
<b>Samtals</b>	<b>95.000.000 kr.</b>

### Hafnarsjóður

Grjótvörn	10.000.000 kr.
Norðfjörður	77.500.000 kr.
Eskifjörður	20.000.000 kr.
Reyðarfjörður	3.000.000 kr.
Fáksrúðsfjörður	10.000.000 kr.
Stöðvarfjörður	8.000.000 kr.
Annað	11.500.000 kr.
<b>Samtals</b>	<b>140.000.000 kr.</b>

<b>Hitaveita Fjarðabyggðar</b>	<b>10.000.000 kr.</b>
<b>Rafveita</b>	<b>5.000.000 kr.</b>
<b>Fráveita</b>	<b>18.000.000 kr.</b>
<b>Vatnsveita</b>	<b>16.500.000 kr.</b>
<b>Sorpstöð Fjarðabyggðar</b>	<b>2.000.000 kr.</b>
<b><u>SAMTALS – ALLIR SJÓÐIR</u></b>	<b><u>286.500.000 kr.</u></b>

### 3. Yfirlit samstæðu Fjarðabyggðar

Samstæðuyfirlit						
	A hluti			A og B hluti		
	Rauntölur 2009	Útkomuspá 2010	Áætlun 2011	Rauntölur 2009	Útkomuspá 2010	Áætlun 2011
<b>Rekstrarreikningur</b>						
<b>Tekjur:</b>						
Skatttekjur.....	2.209.303	2.303.387	2.307.835	2.196.004	2.303.387	2.307.835
Framlög jöfnunarsjóðs.....	380.520	392.819	340.249	380.520	392.819	340.249
Aðrar tekjur.....	399.852	401.844	447.553	1.505.256	1.652.957	1.654.198
	<u>2.989.675</u>	<u>3.098.050</u>	<u>3.095.637</u>	<u>4.081.780</u>	<u>4.349.163</u>	<u>4.302.282</u>
<b>Gjöld:</b>						
Laun og launatengd gjöld.....	1.783.216	1.660.612	1.710.537	1.933.572	1.787.491	1.847.043
Annar rekstrarkostnaður.....	1.082.359	917.110	790.930	1.451.049	1.417.693	1.322.594
Afskrifir.....	159.385	200.760	215.092	328.754	364.772	386.599
	<u>3.024.960</u>	<u>2.778.482</u>	<u>2.716.559</u>	<u>3.713.375</u>	<u>3.569.956</u>	<u>3.556.235</u>
Niðurstaða án fjármagnsliða	( 35.285 )	319.568	379.078	368.405	779.207	746.047
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	( 558.592 )	( 46.745 )	( 365.545 )	( 941.078 )	( 122.275 )	( 536.170 )
Rekstrarniðurstaða án framlaga	( 593.877 )	272.823	13.533	( 572.673 )	656.932	209.876
Framlög frá eigin sjóðum.....	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild minnihluta í afkomu.....	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga.....	0	0	0	0	0	0
Tekjuskattur.....	0	0	0	1.686	0	0
Rekstrarniðurstaða.....	<u>( 593.877 )</u>	<u>272.823</u>	<u>13.533</u>	<u>( 570.987 )</u>	<u>656.932</u>	<u>209.876</u>

Samstæðuyfir lit						
	A hluti			A og B hluti		
	Rauntölur 2009	Áætlun 2010	Áætlun 2011	Rauntölur 2009	Áætlun 2010	Áætlun 2011
<b>Efnahagsreikningur - eignir</b>						
<b>Eignir</b>						
<b>Fastafjármunir:</b>						
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir:</b>						
Fasteignir .....	4.261.190	4.239.109	4.239.562	4.816.858	4.810.346	4.790.428
Veitukerfi, hafnarmannvirki og gótur .....	591.964	581.800	557.866	3.239.470	3.220.331	3.240.505
Vélar, áhöld og tæki .....	125.820	76.239	26.658	143.515	91.959	40.404
Leigugeignir .....	1.220.955	1.173.925	1.126.895	1.258.275	1.209.477	1.160.679
	<u>6.199.929</u>	<u>6.071.072</u>	<u>5.950.980</u>	<u>9.458.118</u>	<u>9.332.114</u>	<u>9.232.015</u>
<b>Áhættufjármunir og langtímakröfur:</b>						
Eignahlutir í félögum .....	571.528	574.028	574.028	566.091	575.391	575.391
Skatteign .....	0	0	0	9.459	9.459	9.459
Langtímakröfur .....	1.235	22.180	22.229	68.149	60.127	61.125
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	181.997	137.131	88.752	0	0	0
	<u>754.760</u>	<u>733.338</u>	<u>685.009</u>	<u>643.699</u>	<u>644.977</u>	<u>645.975</u>
Fastafjármunir samtals	6.954.689	6.804.411	6.635.989	10.101.817	9.977.091	9.877.990
<b>Veltufjármunir:</b>						
Birgðir .....	0	0	0	14.540	14.540	14.540
<b>Skammtímakröfur:</b>						
Óinnheimtar tekjur .....	170.375	170.375	170.375	170.375	170.375	170.375
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	944.195	1.170.570	1.318.542	0	0	( 0 )
Aðrar skammtímakröfur .....	216.620	216.620	216.620	399.894	399.894	399.894
Næsta árs afborganir langtímakrafna .....	22.098	774	506	133.056	32.003	506
Næsta árs afborganir langtímakrafna á eigin fyrirtæki	45.340	48.324	51.807	0	0	0
Verðbréf .....	0	0	0	0	0	0
Handbært fé .....	328.748	416.272	418.853	350.476	416.272	418.853
Veltufjármunir samtals	1.727.376	2.022.936	2.176.702	1.068.341	1.033.084	1.004.167
Eignir samtals	8.682.065	8.827.347	8.812.691	11.170.158	11.010.175	10.882.157

Samstæðuyfirlit						
	A hluti			A og B hluti		
	Rauntölur 2009	Útkomuspá 2010	Áætlun 2011	Rauntölur 2009	Útkomuspá 2010	Áætlun 2011
<b>Efnahagsreikningur - eigið fé og skuldir</b>						
<b>Eigið fé og skuldir</b>						
<b>Eiginfjárreikningar:</b>						
Eigið fé.....	( 298.296 )	( 22.973 )	( 9.440 )	( 626.350 )	75.979	285.855
Hlutdeild minnihluta í eigin fé.....	0	0	0	0	0	0
Eigið fé samtals	( 298.296 )	( 22.973 )	( 9.440 )	( 626.350 )	75.979	285.855
<b>Skuldbindingar:</b>						
Lífeyrisskuldbindingar.....	1.329.124	1.329.672	1.330.220	1.405.562	1.406.110	1.406.658
Tekjuskattskuldbinding.....	0	0	0	0	0	0
Aðrar skuldbindingar.....	0	0	0	0	0	0
	1.329.124	1.329.672	1.330.220	1.405.562	1.406.110	1.406.658
<b>Langtímaskuldir:</b>						
Skuldir við lánastofnanir.....	4.469.883	4.081.250	3.917.686	7.172.227	6.498.959	6.173.708
Leiguskuldir.....	1.929.955	1.966.324	1.957.664	1.983.395	2.017.832	2.005.767
Skuldir við eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0	( 0 )	0
	6.399.838	6.047.574	5.875.351	9.155.622	8.516.791	8.179.475
<b>Skammtímaskuldir:</b>						
Skuldir við lánastofnanir.....	128.451	3.451	3.451	128.451	3.451	3.451
Reiknuð fjárpörf.....	0	0	0	0	0	0
Viðskiptaskuldir.....	0	0	0	0	0	0
Skuldir við eigin fyrirtæki.....	238.133	695.379	843.717	0	0	( 0 )
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	354.951	340.102	334.497	544.706	545.015	543.060
Næsta árs afborganir leiguskulda.....	138.383	42.660	43.414	146.239	46.901	47.730
Næsta árs afborganir langtímaskulda við eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0	( 0 )	( 0 )
Aðrar skammtímaskuldir.....	391.482	391.482	391.482	415.928	415.928	415.928
	1.251.400	1.473.074	1.616.561	1.235.324	1.011.295	1.010.169
Skuldir og skuldbindingar samtals	8.980.362	8.850.321	8.822.132	11.796.508	10.934.196	10.596.302
Eigið fé og skuldir samtals	8.682.066	8.827.348	8.812.692	11.170.158	11.010.175	10.882.157

Samstæðuyfirlit						
	A hluti			A og B hluti		
	Rauntölur 2009	Útkomuspá 2010	Áætlun 2011	Rauntölur 2009	Útkomuspá 2010	Áætlun 2011
<b>Sjóðstreymisyfirlit</b>						
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>						
Niðurstaða ársins.....	( 593.875 )	272.823	13.533	( 534.887 )	656.932	209.876
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Reiknaðar afskriftir .....	159.385	200.760	215.092	328.754	364.772	386.599
Verðbætur og gengismunur .....	318.193	( 185.922 )	107.480	557.497	( 240.112 )	161.218
Hlutdeild minnihluta í afkomu .....	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga .....	0	0	0	0	0	0
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna .....	( 40.119 )	0	( 30.000 )	( 65.927 )	0	( 30.000 )
(Söluhagnaður) / tap eignarhluta .....	0	0	0	0	0	0
Tekjuskattur og aðrar breytingar .....	0	0	0	( 2.214 )	0	0
Framlög frá eigin sjóðum .....	0	0	0	0	0	0
Breyting á lífeyrisskuldbindingum .....	112.160	32.774	32.774	119.661	32.774	32.774
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	( 44.256 )	320.435	338.879	402.884	814.367	760.467
Breytingar á skammtíaliðum:						
Birgðir, lækkun (hækkun) .....	0	0	0	2.470	0	0
Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun) .....	( 15.370 )	0	0	( 15.370 )	0	0
Aðrar skammtímakr., lækkun (hækkun) .....	331	0	0	25.217	0	0
Skammtímaskuldir, lækkun (hækkun) .....	( 102.479 )	0	0	( 107.106 )	0	0
Afborganir lífeyrisskuldbindinga .....	133.386	( 32.226 )	( 32.226 )	130.548	( 32.226 )	( 32.226 )
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum	15.868	( 32.226 )	( 32.226 )	35.759	( 32.226 )	( 32.226 )
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	( 28.388 )	288.209	306.653	438.643	782.141	728.241
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>						
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	( 224.581 )	( 71.903 )	( 95.000 )	( 431.182 )	( 202.671 )	( 286.500 )
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....	89.265	0	30.000	153.445	0	30.000
Eignahlutir í félögum, breyting.....	( 172.543 )	0	0	( 172.576 )	0	0
Langtímakröfur, breyting.....	17.731	815	784	27.084	111.846	32.403
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting.....	41.410	45.771	48.928	0	0	0
Skammtímakröfur, breyting.....	0	0	0	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	( 248.718 )	( 25.318 )	( 15.288 )	( 423.229 )	( 90.825 )	( 224.097 )
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>						
Framlög frá eigin fyrirtækjum.....	0	0	0	0	0	0
Breyting á hlutafé.....	0	0	0	0	0	0
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting.....	205.659	230.871	366	0	0	0
Tekin ný langtímalán.....	573.502	72.000	100.000	683.502	72.000	100.000
Afborganir langtímalána.....	( 336.015 )	( 353.238 )	( 389.151 )	( 529.262 )	( 572.519 )	( 601.564 )
Langtímask. við eigin fyrirtæki, breyting.....	0	0	0	0	( 0 )	( 0 )
Skammtímalán, breyting.....	123.004	( 125.000 )	0	123.004	( 125.000 )	0
Fjármögnunarhreyfingar	566.150	( 175.366 )	( 288.785 )	277.244	( 625.519 )	( 501.564 )
Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....	289.044	87.524	2.580	292.658	65.796	2.580
Handbært fé (fjárför) í ársbyrjun .....	39.704	328.748	416.272	57.818	350.476	416.272
Handbært fé (fjárför) í árslok .....	328.748	416.272	418.853	350.476	416.272	418.853

## Málaflokkayfirlit

Árið 2011	Skatt- tekjur	Framlög jöfnunar- sjóðs	Aðrar tekjur	Tekjur sam tals	Laun og launategd gjöld	Annar rekstrar- kostnaður	Afskriftir	Gjöld sam tals	Fjármagns- liðir nettó og aðrir liðir	Framlög	
										hlutdeildir	Rekstrar- niðurstaða
<b>Aðalsjóður</b>											
00 - Skatttekjur.....	2.307.835	320.927	0	2.628.762	0	0		0			2.628.762
02 - Félagssjónusta.....	0	19.322	10.070	29.392	128.181	96.190		224.371			( 194.979 )
03 - Heilbrigðismál.....	0	0	0	0	0	2.335		2.335			( 2.335 )
04 - Fræðslu- og uppeldismál.....	0	0	165.588	165.588	996.511	626.171		1.622.682			( 1.457.094 )
05 - Menningarmál.....	0	0	11.356	11.356	34.940	107.604		142.544			( 131.188 )
06 - Æskulyðs- og þróttamál.....	0	0	72.546	72.546	161.473	403.694		565.167			( 492.621 )
07 - Brunamál og almannavarnir.....	0	0	111.535	111.535	122.629	63.623		186.252			( 74.717 )
08 - Hreinlætismál.....	0	0	12.487	12.487	0	16.169		16.169			( 3.682 )
09 - Skipulags- og byggingamál.....	0	0	26.837	26.837	47.438	26.709		74.147			( 47.310 )
10 - Umferðar- og samgöngumál.....	0	0	19.510	19.510	32.251	171.746		203.997			( 184.487 )
11 - Umhverfismál.....	0	0	18.500	18.500	48.075	36.779		84.854			( 66.354 )
13 - Atvinnumál.....	0	0	15.804	15.804	518	13.181		13.699			2.105
20 - Hagræðingamarkmið.....	0	0	0	0	0	0		0			0
21 - Sameiginlegur kostnaður.....	0	0	34.245	34.245	125.230	125.287		250.517			( 216.272 )
22 - Lífeyrisskuldbindingar.....	0	0	0	0	13.291	0		13.291			( 13.291 )
27 - Övenjulegir liðir.....	0	0	0	0	0	0		0			0
28 - Fjármagnsliðir.....	0	0	0	0	0	0		0	89.161		89.161
Aðalsjóður	2.307.835	340.249	498.478	3.146.562	1.710.537	1.689.488	0	3.400.025	89.161	0	( 164.302 )
<b>Aðrir sjóðir í A - hluta</b>											
Eignasjóður.....	0	0	849.780	849.780	0	170.744	181.373	352.117	( 377.269 )	0	120.394
Eignarhaldsfélagið Hraun ehf.....	0	0	188.379	188.379	0	19.782	33.719	53.501	( 77.437 )	0	57.441
Millifærslur A-hluta.....	0		( 1.089.084 )	( 1.089.084 )	0	( 1.089.084 )		( 1.089.084 )	0	0	0
A - hluti samtals	2.307.835	340.249	447.553	3.095.637	1.710.537	790.930	215.092	2.716.559	( 365.545 )	0	13.533
<b>Sjóðir í B - hluta</b>											
Rafveita.....	0	0	206.000	206.000	9.328	158.742	8.423	176.493	( 6.090 )	0	23.417
Hítaveita.....	0	0	122.136	122.136	7.630	43.467	29.196	80.293	( 35.489 )	0	6.355
Vatnsveita.....	0	0	160.573	160.573	12.779	42.590	22.285	77.654	( 52.313 )	0	30.606
Fráveita.....	0	0	82.170	82.170	11.710	26.270	9.631	47.611	( 25.260 )	0	9.299
Hafnarsjóður.....	0	0	534.000	534.000	89.086	196.612	84.200	369.898	12.172	0	176.274
Félagslegar íbúðir.....	0	0	63.352	63.352	0	37.177	16.399	53.576	( 58.624 )	0	( 48.848 )
Sorpstöð.....	0	0	91.956	91.956	5.973	80.348	1.373	87.694	( 5.021 )	0	( 760 )
Millifærslur AB-hluta.....	0		( 53.542 )	( 53.542 )	0	( 53.542 )		( 53.542 )	0	0	0
A og B hluti samtals	2.307.835	340.249	1.654.198	4.302.282	1.847.043	1.322.594	386.599	3.556.235	( 536.170 )	0	209.876